



„Umhverfi og mannkyni stafar
nú mest ógn af miðstýringu og
einokun. Sjálfbærni, réttlæti og
friður fá ekki þrifist fyrr en
fjölbreytni verður grundvöllur
framleiðslunnar. Á okkar
dögum er ræktun og viðhald
fjölbreytninnar ekki
munaður heldur forsenda
þess að við lifum af.“

Vandana Shiva

VANDANA SHIVA Á ÍSLANDI

Opinn fyrirlestur
í Háskólabíói

29. ágúst 2011

kl. 17.00

(aðgangur ókeypis)

Meðal alþjóðlegra viðurkenninga Vandana Shiva:

Right Livelihood Award (oft nefnd „the Alternative Nobel Prize“), Svíþjóð, 1993

The Order of the Golden Ark, Holland, 1993

Global 500 Award, Sameinuðu þjóðirnar, 1993

Earth Day International Award, Sameinuðu þjóðirnar, 1993

Golden Plant Award, Danmörk, 1997

The Lennon Ono Grant for Peace, Ísland, 2008

Sydney Peace Prize, Sydney-háskóli, Ástralía, 2010

Environmental Hero, Time Magazine, 2010

Vandana Shiva hefur komið að stjórnun og veitt ráðgjöf við ýmsar alþjóðlegar stofnanir og félagasamtök, s.s.:

World Future Council (ráðgjöf)

The International Forum on Globalization (meðal stofnenda og stjórnarmaður)

Slow Food International (stjórnarmaður)

FAO (ráðgjöf)

Bækur eftir Vandana Shiva:

Earth Democracy

Water Wars

Stolen Harvest: The Hijacking of the Global Food Supply

Biopiracy: The Plunder of Nature and Knowledge

Ecofeminism (ásamt M. Mies)

The Violence of the Green Revolution: Third World Agriculture, Ecology and Politics

Monocultures of the Mind: Perspectives on Biodiversity and Biotechnology

Biopolitics: A Feminist and Ecological Reader on Biotechnology (ritstj. ásamt I. Moser)

Biodiversity: Social and Ecological Consequences

Nánari upplýsingar um Vandana Shiva:

www.navdanya.org / www.ecobooks.com/authors/shiva.htm

Mánudaginn 29. ágúst heldur dr. Vandana Shiva fyrirlestur í Háskólabíói. Fyrirlesturinn er opinn og allir velkomnir. Frekari upplýsingar um viðburðinn má nálgast á heimasíðum þeirra samtaka og stofnana sem standa að komu Vandana Shiva til landsins og á Facebook-síðunni: [Opinber fyrirlestur Vandana Shiva](#).

Vandana Shiva er hugsuður og baráttukona á sviði sjálfbærrar þróunar, umhverfis- og mannréttindamála. Hún er þekkt um allan heim fyrir baráttu sína fyrir hag indverskra bænda og starf sitt í þágu líffræðilegrar fjölbreytni og bættrar umgengni við umhverfið.

Vandana Shiva hóf snemma á ferli sínum að boða sjálfbærni. Hún hefur löngum barist fyrir hönd smáframleiðenda og í þágu lífræns landbúnaðar og hún er einn atkvæðamesti gagnrýnandi erfðabreytinga á nytjaplöntum í heiminum. Hún hefur beitt sér gegn því að fjölþjóðleg iðnaðarfyrtæki nái yfirráðum yfir matvælaframleiðslu og gegn einkavæðingu vatns. Hún hefur jafnframt unnið ötullega að réttindum kvenna, m.a. til að auka áhrif þeirra í landbúnaði, og að varðveislu staðbundinnar þekkingar sem er að glatast vegna hnattrænna áhrifa og sóunar á náttúruauðlindum.

Hún hefur birt yfir 500 vísindagreinar, skrifað 20 bækur og haldið fjölda fyrirlestra. Vandana Shiva nýtur virðingar víða og hefur með vandaðri og málefnalegri umfjöllun haft áhrif á starf margra alþjóðastofnana, s.s. Alþjóðabankans og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Einnig hefur hún veitt stjórnvöldum ýmissa landa ráðgjöf. Nú vinnur hún t.d. að þriggja ára verkefni fyrir stjórnvöld í Bútan, en stefnt er að því að gera landið hið fyrsta í heiminum þar sem matvælaframleiðsla verður 100% lífræn.

Um Vandana Shiva

Vandana Shiva fæddist á Indlandi árið 1952 og er eðlisfræðingur að mennt. Eftir að hafa lokið B.A. prófi í eðlisfræði lauk hún M.A. námi í vísindaheimspeki við Guelph-háskóla, Ontario í Kanada og síðar doktorsprófi í skammtaeðlisfræði frá Western Ontario-háskóla. Hún sneri sér fljótlega að þverfaglegum rannsóknum á sviði vísinda, tækni og vistfræða við Indversku vísindastofnunina í Bangalore. Árið 1982 stofnaði hún sjálfstæða rannsóknastofnun, Research Foundation for Science, Technology and Ecology (RFSTE), í heimaborg sinni Dehra Dun á Indlandi, þar sem stundaðar eru rannsóknir á samspili umhverfis og samfélagslegra þátta. Vandana Shiva veitir forstöðu Navdanya samtökunum á Indlandi, en samtökin voru stofnuð að hennar frumkvæði árið 1991 í því skyni að auka sjálfbærni í landbúnaði og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika, m.a. með áherslu á fræsöfnun og varðveislu þekkingar á sviði ræktunar og fæðuöflunar. Árið 2004 stofnaði Vandana Shiva alþjóðlegan háskóla fyrir sjálfbæra lífnaðarhætti, Bija Vidyapeeth, í samstarfi við Schumacher College í Bretlandi.

English

Dr. Vandana Shiva will give a public lecture in Háskólabíói on Monday the 29th of August at 5 pm. The lecture is open and free of charge. For more information on Vandana Shiva and her work, please visit the following websites: www.navdanya.org and www.ecobooks.com/authors/shiva.htm. See also the following Facebook page: [Opinber fyrirlestur Vandana Shiva](#).

Eftirtaldir aðilar standa að komu Vandana Shiva til Íslands:



FRAMTÍÐARLANDIÐ

Margir lögðu hönd á plóg til að fjármagna heimsókn Vandana Shiva til Íslands og eiga þeir allir bestu þakkir skildar fyrir stuðninginn:

Umhverfisráðuneytið, sem er bakhjarl verkefnisins **Vandana Shiva á Íslandi**

Utanríkisráðuneytið
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Reykjavíkurborg

Akur - Garðyrkjustöð
Biobú
Brauðhúsið
Félag umhverfisfræðinga
Fjarðarkaup
Gló
Heilsa
Heilsuhúsið
Íslandsbanki
Kaffitár
Landvernd
Maður Lifandi
Matvís
Melabúðin
Móðir Jörð
Nattura.is
NLFÍ
Ráðgjafarfyrtækið Alta
Rúnar Sigurkarlsson og
Hildur Guðmundsdóttir
Sigurður Gísli Pálmason
Skaftholt - Guðfynnur Jakobsson
Vottunarstofan Tún
Yggdrasil



Prentun: Guðjón Ó - vistvæna prentsmíðjan
Hönnun: Sóley Stefánsdóttir